



TUNNAN
PRENTÞJÓNUSTA
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288



Fasteignasala í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Lögfræðingur, Fasteignasali og
væðingarlögfræðingur
Sími: 690 7262
arndis@fasteignasidun.is

35. tbl. 35. árg. 25.- 31. okt. 2023

 **HSN** Heilbrigðisstofnun
Norðurlands

BÓLUSETNINGAR

Bólusetningar barna gegn inflúensu

Fimmtudaginn 2. nóvember er stefnt að bólusetningu barna gegn inflúensu.

Börnum sem eru 6 mánaða og eldri stendur til boða bólusetning.

Foreldrar sem vilja láta bólusetja börnin sín panti tíma þennan dag.

Síglufjörður 432 4300

Ólafsfjörður 432 4350

**BLADBERA VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.
HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.
ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

Canon PIXMA TS705a A4
bleksprautuprentari með Wi-Fi
og 350 blaða skúffu

kr. 15.500,-

TUNNAN
S:467-1288



BINGÓ - BINGÓ

10. bekkur Grunnskóla Fjallabyggðar heldur Bingó laugardaginn 28. október kl. 17:00 í Tjarnarborg. - Fyrsta vetrardag



Spjaldið kostar 500. Kr.

Sjoppa verður á staðnum.

Fjáröflun fyrir útskriftarferð.

Fjöldi frábærra vinninga.

Siglufjarðarkirkja á sunnudag, 29. október



Kl. 11.15–12.45: Kirkjuskóli.

Kl. 17.–18.00: Heimilismessa í safnaðarheimilinu.

Fermingarbörn lesa og sjá um prédikun ásamt sóknarpresti. Kaffi og konfekt á borðum.

Sjáumst.

Sigurður Ægisson

Fjallabyggð



Árleg hunda- og kattahreinsun

Dýralæknir verður í Fjallabyggð sem hér segir:

Priðjudaginn 31. október – Hundahreinsun

- Áhaldahúsinu Siglufirði 13:00 – 15:00
- Námuvegi 11 Ólafsfirði 16:00 – 18:00

Fimmtudaginn 2. nóvember – Kattahreinsun

- Námuvegi 11 Ólafsfirði 13:00 – 15:00
- Áhaldahúsinu Siglufirði 16:00 – 18:00

Fimmtudaginn 16. nóvember – Hundahreinsun

- Námuvegi 11 Ólafsfirði 13:00 – 15:00
- Áhaldahúsinu Siglufirði 16:00 – 18:00

Hunda- og kattaegendum er skylt að mæta með hunda og ketti sína til hreinsunar og er það innifalið í leyfisgjaldi sem þarf að vera greitt fyrir hreinsun. Ef hreinsun hefur þegar farið fram eru eigendur vinsamlegast beðnir um að koma í áhaldahús og framvísa vottorði því til staðfestingar eða senda upplýsingar um það á: fjallabyggd@fjallabyggd.is

Dýraeftirlit Fjallabyggðar



Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

Tillaga að deiliskipulagi suðurbæjar Siglufjarðar

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 4. október 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi suðurbæjar Siglufjarðar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lóðirnar Suðurgata 54, Suðurgata 57, Laugarvegur 12 og 13 og Hafnargata 30 marka skipulagsmörk í norður átt. Lóðirnar eru innan afmörkunarinnar. Í vestur liggja skipulagsmörkin að deiliskipulagi snjóflóðavarna og að deiliskipulagi Snorrageötu austan megin. Í suður liggja mörkin með Norðurtúni og aðliggjandi deiliskipulagi við Eyrarflöt. Lóðirnar við Norðurtún 1-23 teljast innan þessara skipulagsmarka. Tilgangur deiliskipulagsins er að ná óbyggðum lóðum inn í skipulag með skilmálum fyrir nýbyggingar. Markmiðið er að halda í yfirbragð byggðarinnar þannig að nýbyggingar verði hluti af núverandi heild.

Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni:
[skipulagsgatt.is/issues/676](https://www.skipulagsgatt.is/issues/676)

Tillaga að nýju deiliskipulagi liggur frammi á upplýsingatöflu á 3. hæð Ráðhúss Fjallabyggðar við Gránugötu 24 á Siglufirði og á nýjum vef Skipulagsstofnunar,
www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er frá 19. október til og með 1. desember 2023. Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgátt, bein slóð inn á málið er **[skipulagsgatt.is/issues/676](https://www.skipulagsgatt.is/issues/676)**.

Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum hjá skipulagsfulltrúa í gegnum netfangið **iris@fjallabyggd.is**

Skipulagsfulltrúi.

